

1 Loftslagsvá og náttúra

2 **Neyðarástand hefur skapast víða vegna loftsbreytinga. Loftslagsvá og viðbrögð til að**
3 **stemma stigu við henni munu hafa í för með sér djúpstæðar samfélagsbreytingar. Aðgerðir**
4 **verða að vera róttækar og tryggja réttlát umskipti. Viðbrögð við loftslagsvá þurfa að**
5 **byggjast á áætlunum og fléttast inn í alla pólitíska stefnumótun. Endurreisn hagkerfisins í**
6 **framhaldi af heimsfaraldri þarf að vera græn og styðja við þróun kolefnishlutlauss**
7 **hringrásarhagkerfis.**

8 **Náttúran á alltaf að njóta vafans. Innleiða skal mengunarbótaregluna í alla framleiðslu og**
9 **þjónustu þannig að þau sem menga borgi. Ný græn störf þurfa að skipastóran sess í að**
10 **draga úr atvinnuleysi.**

11 **Tryggja þarf gagnsæi og aðgengi að upplýsingum og almenningur á að hafa beina aðkomu**
12 **að ákvörðunum varðandi umhverfis- og loftslagsmál snemma í ferli ákvarðanatöku. Tryggja**
13 **þarf fjárhags- og réttarstöðu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og umhverfisverndar**
14 **og sérstaklega þarf að gera ungu fólki kleift að vera virkir þátttakendur og gerendur í**
15 **stefnumótun.**

16 Mótvægi við loftslagsvá

17 **Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að Ísland sé leiðandi í loftslagsmálum og færi fram**
18 **frekari lausnir á alþjóðavettvangi. Ísland getur verið í fararbroddi að koma á**
19 **lágkolefnishagkerfi. Í norrænni samvinnu getur Ísland beitt sér fyrir sameiginlegu markmiði**
20 **Norðurlandanna um kolefnishlutleysi, lagt aukna áherslu á vernd líffræðilegrar fjölbreytni og**
21 **náttúruverndar á Norðurslóðum í þágu loftslagsmála.**

22 **Vísindaleg þekking þarf að vera undirstaða allra aðgerða í loftslagsmálum. Mikilvægt er að**
23 **stefnumótun, markmiðssetning og aðgerðir séu uppfærðar reglulega og byggist á og mótist**
24 **af vaxandi þekkingu, rannsóknnum og vöktun hverju sinni. Tryggja þarf fjármagn til**
25 **grunnrannsókna og vöktunar í loftslagsmálum, þ.m.t. vegna náttúruvár.**

26 **Ísland á að ganga lengra en núverandi skuldbindingar Evrópusambandsins kveða á um í**
27 **samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 m.v. 2005 (ESR)**
28 **og lögfesta sjálfstætt markmið um a.m.k. 60% samdrátt.**

29 **Draga þarf verulega úr losun sem heyrir undir evrópska viðskiptakerfið með losunarheimildir**
30 **(ETS). Í þessum losunarflokki á Ísland að setja sjálfstætt markmið sem styður markmið**
31 **aðildarríkja ESB um ríflega 60% samdrátt sem m.a. nær til stóriðju og flugsamgangna.**

32 **Ísland þarf einnig að horfa til losunar vegna landnotkunar í markmiði sínu um samdrátt í**
33 **losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi. Vinna þarf heildstæða, sjálfbæra**
34 **landnýtingarstefnu með aðkomu sérfræðinga og setja sérstakt markmið um samdrátt í losun**
35 **gróðurhúsalofttegunda sem rekja má til landnotkunar (LULUCF) eftir því sem þekkingu á**
36 **losuninni fleygir fram. Hraða þarf aðgerðum til að stöðva losun frá framræstu votlendi og**
37 **röskuðu mólendi. Með auknum styrkjum ríkis og framlögum fyrirtækja þar að auka**

38 endurheimt votlendis og kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu svo markmið um
39 kolefnishlutleysi náist.

40 Lögbundnu markmiði Íslands um kolefnishlutleysi þarf að ná í síðasta lagi árið 2040, en flýta
41 ef kostur er, þannig að binding umfram nettólosun hefjist eins fljótt og auðið er. Markmiðið
42 þarf að taka mið af losun á ársgrundvelli.

43 Skýr, mælanleg, tímasett markmið sem og raunhæfar, framsæknar og fjármagnaðar aðgerðir
44 eru forsenda árangurs í loftslagsmálum. Reglusetning, hagrænir hvatar, loftslagsvænt
45 skipulag, fræðsla og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi eru lykilþættir í baráttunni gegn
46 hamfarahlýnun. Grænar fjárfestingar og loftslagsvæn nýsköpun skipa hér stóran sess.

47 Allar loftslagsaðgerðir þarf að rýna með tilliti til félagslegs réttlætis svo tryggja megi réttlát
48 umskipti og að aðgerðir bitni ekki á efnaminna fólki.

49 Aðlögun að loftslagsbreytingum er mikilvæg. Vinna þarf aðgerðaáætlun um samfélagslega
50 aðlögun að yfirvofandi breytingum vegna hamfarahlýnunar á grunni hvítbókar og nýrrar
51 stefnu um aðlögun.

52 Hlusta þarf á ákall ungs fólks og loftslagsverkfallanna um að leggja mun meira fjármagn í
53 aðgerðir gegn loftslagsvánni og forða þannig komandi kynslóðum frá mun meiri kostnaði.

54 Ísland ætti að lágmarki að tvöfalda stuðning sinn við þróunarríki til aðlögunar og aðgerða
55 gegn loftslagsvá í samræmi við þrettánda Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna m.a. í
56 gegnum Græna loftslagssjóðinn og Aðlögunarsjóðinn.

57 Meta þarf hver sanngjörn hlutdeild Íslendinga ætti að vera í samdrætti í losun svo markmið
58 um 1,5°C hnattræna hlýnun náist og skoða hvernig það geti haft áhrif á markmið Íslands.

59 Kolefnisfótspor Íslendinga er með því stærsta sem finnst í heiminum. Meta þarf losun
60 gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og neyslu á vörum sem eiga uppruna sinn utan
61 Íslands.

62 Lögfesta þarf skyldur á lífeyrissjóði og fjármálastofnanir um loftslagsvænar fjárfestingar sem
63 fyrst.

64 Styðja þarf enn frekar við nýsköpun og tæknilausnir í baráttunni við loftslagsvána, s.s. vegna
65 kolefnisföngunar og förgunar.

66 Efla þarf almenningsamgöngur á landinu öllu og flýta uppbyggingu Borgarlínu. Aukin
67 fjarvinna og efling virkra ferðamáta, sér í lagi göngu- og hjólreiða, auk orkuskipta, eru
68 mikilvægar aðgerðir í að ná markmiðum Íslands. Slíkar aðgerðir stuðla einnig að betri
69 loftgæðum og efldri lýðheilsu.

70 Lögfesta þarf bann við olíuleit í íslenskri lögsögu og allri olíuvinnslu á Íslandi hið fyrsta.

71 Banni við nýskráningu bensín- og dísilbifreiða þarf að flýta til ársins 2025 líkt og Noregur
72 hefur gert. Samhliða þessu þarf að tryggja uppbyggingu innviða fyrir umhverfisvænni
73 bifreiðar um allt land.

74 Stefna skal að jarðefnaeldsneytisláusu Íslandi árið 2045.

75 Veita þarf ívilnanir til orkuskipta í flutningum á sjó og landi, í byggingariðnaði, landbúnaði og
76 sjávarútvegi.

77 Leggja þarf gjald á losun allra gróðurhúsalofttegunda.

78 Kolefnisgjald þarf að hækka í áföngum.

79 Efla þarf getu stjórnáætlunar og einstakra stofnana enn frekar til þess að takast á við
80 loftslagsvána. Taka þarf hlutverk og skipun Loftslagsráðs til endurskoðunar m.t.t.
81 reynslunnar. Meta þarf frumvörp og allar stærri áætlanir m.t.t. loftslagsáhrifa.

82 Stofna þarf miðlæga einingu í stjórnkerfinu, Sjálfbært Ísland, sem tengir saman allar einingar
83 stjórnkerfisins og tryggir þverfaglegt samstarf og samvinnu til að ná betur markmiðum í
84 loftslagsmálum.

85 **Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og náttúru**

86 Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur ríka áherslu á vernd og sérstöðu íslenskrar náttúru,
87 til lands og sjávar, og líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni hennar.

88 Náttúran á alltaf að njóta vafans.

89 Fjölga þarf friðuðum svæðum, þannig að þau þeki 30% á landi og í hafi árið 2030. Leggja þarf
90 tillögur að Náttúruminjaskrá fyrir Alþingi og friðlýsa svæði samkvæmt henni í framhaldinu.

91 Efla þarf rannsóknir á landhnignun og áhrifum landgræðslu og skógræktar á líffræðilega
92 fjölbreytni.

93 Auka þarf vernd og endurheimt vistkerfa. Klára þarf landsáætlanir í skógrækt og landgræðslu
94 og koma þeim í framkvæmd. Leggja þarf sérstaka áherslu á vernd og endurheimt votlendis
95 með það að markmiði að minnsta kosti 15% af röskuðu votlendi verði endurheimt fyrir árið
96 2030. Endurheimt verði votlendi sem ekki er í nýtingu.

97 Efla þarf stjórnáætlun náttúruverndarmála með sameiningu stofnana sem fara með verkefni
98 náttúruverndar, fjölga heilsársstörfum og efla landvörslu. Meta þarf kosti og galla þess að
99 málefni landgræðslu og skógræktar tilheyri þessari sömu stofnun.

100 Mikilvægt er að nota áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) áfram sem
101 stjórnáætlun og halda áfram friðlýsingum á grundvelli verndarflokks áætlunarinnar.

102 Bæta þarf vatnsvernd þar sem þess er þörf og stuðla að náttúrulegu ástandi vistkerfa
103 ferskvatns og strandsjávar. Aðgerðaáætlun um vatnamál þarf að koma til framkvæmda hið
104 fyrsta.

105 Mat á umhverfisáhrifum er verkfæri sem hjálpar okkur að standa vörð um náttúruna og
106 umhverfið.

107 Festa verður mengunarbótaregluna betur í sessi.

108 Ísland þarf að taka virkan þátt í alþjóðasamningum, þ.m.t. samningi Sameinuðu þjóðanna um
109 líffræðilega fjölbreytni, en jafnframt byggja á staðbundinni þekkingu í gegnum rannsóknir á
110 verndarstöðu og kortlagningu lífvera á Íslandi.

111 Stofna ber þjóðgarð á miðhálandinu sem mun stuðla að verndun víðerna, náttúruvafars,
112 jarðminja auk menningar og sögu. Friðlýsa þarf hálendi Vestfjarða og umhverfi Breiðafjarðar
113 og stofna þar þjóðgarða.

114 Stjórnvöld þurfa að móta stefnu um verndarsvæði í hafi til samræmis við alþjóðleg viðmið,
115 vinna áætlun þar að lútandi og koma henni til framkvæmda. Innleiða þarf alþjóðleg viðmið
116 um verndun hafsvæða og vinna áfram ötullega að banni við flutningi og bruna svartolíu á
117 Norðurslóðum.

118 Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu allra auðlinda til að
119 vernda líffræðilega fjölbreytni og draga úr sóun. Tryggja þarf stjórnarskrárvarða þjóðareign á
120 auðlindum fyrir framtíðarkynslóðir.

121 Tryggja skal fjármagn til rannsókna og vöktunar lykilþátta vistkerfa og tegunda til að
122 undirbyggja vísindalega nálgun við ákvarðanatöku sem tryggi sjálfbæra nýtingu og vernd
123 líffræðilegrar fjölbreytni. Aðgengi að auðlindum og réttlát skipting hagnaðar af nýtingu þeirra
124 er forgangsatríði.

125 Fylgja verður skýrum reglum um innflutning alls sem borið getur tegundir lífvera sem kunna
126 að verða ágengar í íslenskri náttúru. Skilvirkt eftirlit og utanumhald þarf um alla notkun
127 ágengra og framandi tegunda og skal notkun þeirra aðeins leyfð þar sem við á og rask á
128 vistkerfum þannig takmarkað.

129 Mikilvægt er að heildarendurskoðun löggjafar um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og
130 villtra spendýra nái fram að ganga og stækka þarf griðasvæði hvala í kringum landið.

131 Ísland er paradís jarðfræðilegra undra. Stjórnvöld þurfa að efla kortlagningu jarðminja,
132 landslags og víðerna til að koma á skipulagðri vernd verðmætustu svæðanna.

133 Ísland ætti að beita sér í alþjóðasamfélaginu fyrir verndun regnskóga og annarra svæða sem
134 búa yfir mikilli líffræðilegri fjölbreytni.

135 **Hringrásarhagkerfið: Minni sóun og meiri verðmætasköpun**

136 Skilvirkari nýting auðlinda dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, hægir á tapi líffræðilegrar
137 fjölbreytni og dregur úr mengun. Hringrásarhagkerfi er nauðsynlegt í þróun í átt að nýtnara
138 samfélagi, stuðlar að nýjum og fleiri störfum og er í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu
139 þjóðanna.

140 Ísland verði í forystuhlutverki við að skapa lífvænlegt, heilbrigt og réttlátt samfélag með
141 hringrásarhagkerfi sem nýtir allar auðlindir með sjálfbærum hætti, dregur úr myndun
142 úrgangs, minnkar sóun, eykur endurnotkun, endurvinnslu og dregur stórlega úr urðun, m.a.
143 með banni við urðun lífræns úrgangs. Líta þarf á úrgang sem auðlind sem fer hring eftir hring
144 í framleiðslu og notkun.

145 Fylgja þarf nýrri úrgangsstefnu kröftuglega úr hlaði og koma nýrri lagaskyldu um flokkun
146 fyrirtækja og heimila á úrgangi og samræmingu flokkunar á landsvísu til framkvæmdar.
147 Einnig er brýnt að koma á þrepaskiptu hvatakerfi til að stuðla að notkun umhverfisvænni
148 umbúða sem fyrst.

149 Fyrirtæki bera ábyrgð á að lágmarka umhverfisáhrif sín, hvort sem um þjónustuaðila er að
150 ræða, framleiðendur eða innflytjendur vöru. Styðja þarf sérstaklega við frumkvöðla.

151 Neytendum skal gert kleift að velja lausnir sem styðja við hringrásarhagkerfið og minna
152 kolefnisspor matvæla. Gera þarf kröfu um birtingu kolefnisspors allra matvæla og vara í
153 verslunum og stuðla að og hvetja til loftslagsvæns mataræðis. Einnig skal hvetja til minni
154 neyslu, minni sóunar ásamt því að hvetja til endurnýtingar og lágmarkunar úrgangs.

155 Draga þarf úr plastmengun og matarsóun, huga að sjálfbærari notkun textíls, kortleggja og
156 bæta eftirlit með notkun hættulegra efna á Íslandi og banna notkun efna sem ógna
157 vistkerfum og heilsu allra lífvera.

158 Ljúka þarf við gerð aðgerðaáætlunar um minnkun matarsóunar sem unnið hefur verið að.
159 Markmið um minnkun skal ná til allrar virðisdeðjunnar.

160 Efla þarf endurvinnslu héraendis, til að mynda með uppbyggingu innviða fyrir svæðisbundna
161 moltugerð og metanvinnslu. Draga þarf stórlega úr urðun úrgangs, t.d. með álagningu
162 urðunarskatts. Eftirlit með ráðstöfun úrgangs þarf að efla.

163 Endurreisn í kjölfar heimsfaraldurs þarf að verða í átt að sjálfbærni. Útbúa þarf heildstæða
164 aðgerðaáætlun um innleiðingu hringrásarhagkerfisins sem meðal annars samhæfi nýlegar
165 áætlanir á þessu sviði. Sérstök áhersla þarf að vera á fjölgun grænna starfa og beitingu hvata
166 og lata til að stuðla að innleiðingunni. .

167 Í nýsköpun og vöruþróun þarf frekari tengingu við grænna hagkerfi og græn störf um landið
168 allt. Styðja þarf við hringrásarhönnun, efla sjálfbæra vöruhönnun og viðgerðarþjónustu.
169 Hvatar til einstaklinga og fyrirtækja af öllum stærðum skulu miða að því að ýta undir
170 sjálfbært samfélag.

171 Setja þarf skýra stefnu um sjálfbærni í byggingariðnaði þannig að draga meggi úr
172 umhverfisáhrifum hans, meðal annars með auknu hlutfalli umhverfisvottaðra bygginga.

173 Auka þarf enn frekar stuðning við sveitarfélög í fráveitumálum og umbuna þeim í réttu
174 hlutfalli við hreinsun mengunarefna, þ.m.t. örplasts. Auka þarf áherslu og stuðning við
175 blágrænar ofanvatnslausnir hjá sveitarfélögum.

1 Menntun fyrir okkur öll

2 Menntun hefur margþættu hlutverki að gegna fyrir samfélagið og einstaklinginn. Öflugt
3 menntakerfi, þar sem allir geta sótt sér menntun við hæfi, gerir öllum kleift að rækta og
4 þroska hæfileika sína og er þannig eitt mikilvægasta jöfnunartæki samfélagsins. Um leið er
5 menntun undirstaða þess að við öll getum tekið öflugan þátt í lýðræðissamfélagi.

6 Þá er menntun forsenda aukinnar þekkingar, nýsköpunar og þróunar. Öflugt menntakerfi
7 er því undirstaða aukinnar verðmætasköpunar í samfélaginu. Góð menntun eykur lífsgæði
8 einstaklinga en tryggir um leið velsæld og blómlegt atvinnulíf.

9 Það er samfélagslegt verkefni að byggja upp öflugt menntakerfi og skólar skulu aldrei
10 reknir í hagnaðarskyni. Stefna ber að því að menntun sé gjaldfrjál á öllum skólastigum.
11 Menntun er ævilangt verkefni og því þarf að tryggja fjölbreytta framhaldsfræðslu fyrir
12 ólíka hópa.

13 Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs, sem nú hefur verið lengt, og leikskóla enda mikið
14 lífsgæðamál fyrir ungar fjölskyldur.

15 Markvisst þarf að vinna áfram að því að fjölga kennaranemum sem og bæta aðstæður og
16 kjör kennara svo tryggja megi öflugt skólastarf til framtíðar. Einnig þarf að tryggja að
17 kennarar hafi jafnan aðgang að endurmenntun til að kennsla megi þróast í takt við
18 samfélagslegar breytingar.

19 Í grunnskólum landsins koma öll börn og unglingar á skólaskyldualdri saman, óháð ólíkum
20 félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileikanum
21 innan hvers skólasamfélags og nýta öll tækifæri til að brjóta niður staðalmyndir og fordóma. Í
22 ljósi þess er einnig áriðandi að jafnréttisfræðsla, fjölmenningsfræðsla og efld fræðsla um
23 kynheilbrigði verði sjálfsagður hluti af grunnmenntun barna.

24 Allir nemendur eiga rétt á að læra móðurmál sitt. Það á líka við um börn sem eiga táknmál að
25 móðurmáli og innflytjendur og börn þeirra sem þurfa bæði að njóta kennslu í móðurmáli sínu
26 og íslensku.

27 Aukið fjármagn þarf til að innleiða aðalnámskrá og koma þannig til móts við kröfur nemenda
28 um aukna fræðslu um samfélagslegar áskoranir eins og loftslagsvá og líf og starf í
29 tæknivæddu samfélagi. Þá þarf einnig að tryggja að kennarar og skólastjórnendur njóti
30 faglegs frelsis til að móta áherslur að þörfum nemenda á hverjum stað. Að auki er áriðandi
31 að nemendur fái, með lýðræðislegum hætti, tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins.

32 Skólabókasöfn sinna markvissu hlutverki í grunn- og framhaldsmenntun allra barna og
33 unglinga. Þau þurfa áfram að vera órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Tryggja þarf sérstaklega
34 fjárveitingar skóla til bókakaupa þannig að ávallt sé aðgengi að nýjum bókum fyrir
35 nemendur.

36 Jafna þarf aðgengi skóla að tækjabúnaði og styðja þannig við nám í samfélagi sem er í örri og
37 stöðugri þróun. Endurskoða þarf skimunarpróf og staðlaða mælikvarða til að styðja við
38 einstaklingsmiðað nám og áherslur aðalnámskrár.

39 Fylgja þarf eftir breytingum á stuðningskerfi við börn sem hefur verið endurskoðað frá grunni
40 með það að markmiði að tryggja farsæld barna. Tryggja þarf fjármagn til innleiðingar og
41 framkvæmdar með það að leiðarljósi að bæta hag barna sem þurfa á sértækri þjónustu að
42 halda.

43 Samþætta þarf listnám, íþróttir og félagsstarf frístundastarfi sveitarfélaganna. Börn og
44 ungmenni um allt land eiga í auknum mæli að geta fengið styrki til tólmundastarfs. Þetta er
45 ekki síst mikilvægt fyrir aðlögun ungra innflytjenda. Öll börn eiga að fá aðgengi að listnámi
46 óháð efnahag.

47 Auka þarf sveigjanleika í námi á framhaldsskólastigi og tryggja að nemendur hafi svigrúm til
48 að sinna félagslífi, íþróttum og tólmundum samhliða námi.

49 Tryggja þarf jöfn tækifæri til fjölbreyttrar menntunar óháð búsetu og þar þarf sérstaklega að
50 huga að aðgengi að iðn- og listnámi. Endurskoða þarf fyrirkomulag iðnnáms með það að
51 markmiði að fjölga útskrifuðum iðnnemum og taka þannig markviss skref í átt að aukinni
52 samvinnu framhaldsskóla, vinnustaða, stéttarféлага og annarra sem koma að skipulagi og
53 framkvæmd starfsnáms.

54 Tryggja skal fjölbreyttan stuðning í öllum framhaldsskólum með aðgengi að sálfræðingum,
55 félagsráðgjöfum og öðrum fagaðilum. Auk þess þarf aðgangur að náms- og starfsráðgjöf að
56 vera greiður. Mikilvægt er að sporna við brotthvarfi úr námi með öllum ráðum enda sýni
57 rannsóknir að brotthvarf úr skóla eigi sér oft sálfélagslegar orsakir.

58 Áfram þarf að efla fjármögnun háskólastigsins. Stefna skal að því að halda gjaldtöku í algjöru
59 lágmarki til að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi. Sérstaklega þarf að horfa til náms sem
60 eingöngu er aðgengilegt gegn háu gjaldi eins og listnám á háskólastigi.

61 Tryggja þarf fjölbreytt háskólanám og margvíslegt viðbótarnám framhaldsskóla. Nemendum
62 skal gefinn kostur að stunda slíkt nám í fjarnámi um land allt.

63 Grunnrannsóknir eru undirstaða nýsköpunar og þekkingariðnaðar. Atvinnustefna í sátt við
64 umhverfið byggist á því að virkja hugvit fremur en náttúruauðlindir og til þess þarf að
65 fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun.

66 Háskólar þurfa fjárveitingar til að sinna rannsóknum jafnt sem kennslu. Þeim fjármunum,
67 sem eru utan við rannsóknafjárveitingar háskólanna, skal úthluta úr samkeppnissjóðum þar
68 sem jafningjamat er notað við mat á rannsóknum. Nýta þarf skattalega hvata til að styðja við
69 þekkingar- og nýsköpunarfyrirtæki.

70 Meta þarf árangur af nýjum Menntasjóði þar sem hluti námslána er nú orðinn styrkur til
71 námsmanna. Þá þarf áfram að huga að því að tryggja mannsæmandi grunnframfærslu fyrir
72 námsmenn svo jafnrétti til náms verði tryggt.

73 Endurskoða þarf löggjöf um framhaldsfræðslu með tilliti til samfélagsbreytinga. Öflug
74 framhaldsfræðsla er mikilvægt jöfnunartæki sem gerir fólki kleift að sækja sér ný tækifæri;
75 hreyfa sig til á vinnumarkaði og tileinka sér nýja þekkingu. Styrkja þarf raunfærnimat enn
76 frekar m.a. með menntun innflytjenda og fólks á flóttu í huga.

77 Tryggja þarf innflytjendum íslenskukennslu, þeim að kostnaðarlausu, sem og önnur
78 menntatækifæri til að þeir geti nýtt hæfileika sína til fulls í íslensku samfélagi. Stjórnvöld og
79 aðilar vinnumarkaðarins þurfa að vinna saman að því að tryggja að slík kennsla geti farið
80 fram á vinnutíma.

1 **Menning og listir**

2 **Öflug og fjölbreytt menningarstarfsemi er ein af undirstöðum íslensks samfélags og hluti af**
3 **langri sögu, menningararfi og íslenskri tungu. Menning er líka mikilvægur þáttur í að**
4 **byggja upp litríkt samfélag án aðgreiningar.**

5 **Huga þarf sérstaklega að aðgengi hópa sem sjaldan taka þátt í menningarlífinu, t.d. vegna**
6 **uppruna, búsetu, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna. Sérstaklega þarf að tryggja**
7 **aðgengi barna að menningu og listum og um leið að efla möguleika þeirra á þátttöku í**
8 **hvers kyns skapandi starfi og listnámi.**

9 **Áfram þarf að styðja af krafti við menningarstofnanir og faglega úthlutunarsjóði. Efla þarf**
10 **listnám á öllum skólastigum enda er menntun undirstaða öflugs menningarstarfs. Taka**
11 **þarf málaflokka menningar og lista sérstaklega til skoðunar innan stjórnsýslunnar. Víðtækt**
12 **hlutverk menningar og lista í samfélaginu á að byggja á sterkri skilvirkri stjórnsýslu og**
13 **þverfaglegu samstarfi innan stjórnkerfisins.**

14 Endurskoða þarf lagaumhverfi listmenntunar. Unnið hefur verið að því að tryggja samstarf
15 ríkis og sveitarfélaga um tónlistarmenntun en það þarf að gera á fleiri sviðum, t.d. á sviði
16 listdans, kvikmyndagerðar, myndlistar, leiklistar o.s.frv. Aðgengi að faglegu listnámi allt frá
17 grunnnámi til háskólastigs er undirstaða blómlegs lista- og menningarlífs.

18 Hefja á byggingu nýs húsnæðis fyrir Listaháskóla Íslands í Tollhúsinu í Reykjavík. Meta þarf
19 hvort rétt sé að LHÍ verði opinber stofnun og tryggja um leið að ekki verði tekin skólagjöld af
20 þeim sem hyggjast leggja stund á listnám á háskólastigi.

21 Brýnt er að styðja bæði við menningarstofnanir og sjálfsprottna menningarstarfsemi með
22 fjármagni og sterkri stjórnsýslulegri umgjörð. Fjárveitingar þurfa að byggja á faglegum
23 forsendum og verkefni metin af fagaðilum. Samvinna menningarstofnana er mikilvæg til að
24 auka fjölbreytni í menningarlífinu og til að fjármunir nýtist sem best.

25 Menningarstefna á Íslandi á að snúast um þátttöku allra. Sérstaklega þarf að efla þátttöku
26 innflytjenda, barna og þeirra sem ekki hafa greiðan aðgang að menningarviðburðum t.d.
27 vegna búsetu. Menning og listir eru mikilvægur hluti samfélagsvefnaðarins og þátttaka í
28 menningarstarfsemi og fjölbreyttu, skapandi liststarfi bætir lýðheilsu og eflir fólk með ólíkan
29 bakgrunn til þátttöku í samfélaginu.

30 Menning og listir hafa mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna, þær eru veigamikil stoð í
31 fjölbreyttu atvinnulífi og hagræn áhrif þeirra skipta verulegu máli. Leggja þarf aukna áherslu
32 á að menningarstarfsemi sé fjárfesting til framtíðar, ávísun á aukna verðmætasköpun og
33 fjölbreytt og dýrmæt störf. Efla þarf launasjóði listamanna og verkefnasjóði listgreina ásamt
34 því að tryggja listamönnum gott starfsumhverfi og að hið opinbera greiði þeim fyrir vinnu
35 sína.

36 Minjavernd er hverju samfélagi mikilvæg. Ísland geymir miklar menningar- og náttúruminjar
37 sem brýnt er að rannsaka og skrá með faglegum hætti. Mikilvægt er að auka fjárframlög til
38 minjaverndar, ekki síst þar sem merkar minjar eru í hættu. Fornminjasjóður gegnir þar
39 mikilvægu hlutverki. Fornleifarannsóknir eru stór þáttur í því að efla þekkingu þjóðarinnar á

40 dýrmætri menningararfleifð. Mikil tækifæri felast í minjavernd; tækifæri sem eru í senn
41 mikilvæg fyrir menningar- og náttúrusögu landsins. Minjar geta orðið að eftirsóknarverðum
42 áfangastöðum um land allt eins og dæmi á friðlýstum svæðum sanna.

43 Möguleikar íslenskrar tungu í stafrænum heimi hafa verið stórefldir og brýnt er að halda
44 áfram á þeirri braut þannig að íslensk tunga verði gjaldgeng á stafrænu formi og nothæf í
45 öllum tölvum og tækjabúnaði. Á næstu árum þarf að vinna ötullega að því að tryggja nægar
46 fjárveitingar til þessa verkefnis. Að auki þarf að gera gangskör að því að koma
47 menningararfinum á stafrænt form þannig að hann verði öllum aðgengilegur, m.a. á netinu.
48 Það á einnig við um myndir og hljóðrit í opinberri eigu.

49 Kraftur hefur verið í safnastarfi og uppbyggingu safna í landinu á undanförunum árum og nú
50 hillir loks undir að Náttúruminjasafn Íslands eignist húsnæði við hæfi. En betur má ef duga
51 skal. Söfnin eru ólík en verkefnið hið sama: Varðveisla menningar-, lista- og náttúruarfs
52 þjóðarinnar, miðlun hans og rannsóknir á honum. Efla þarf höfuðsöfnin þrjú, Þjóðminjasafn
53 Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands og styrkja sérstaklega starfsemi
54 annarra safna, s.s. í menningarhúsum á landsbyggðinni og sérgreindum byggða-, lista- og
55 náttúruminjasöfnum.

56 Menning, listir og hönnun eru vaxandi stoð í íslensku samfélagi. Tímabært er að endurskoða
57 stjórnslulega stöðu þessara greina, styrkja hana og auka skilvirkni hennar. Meta þarf þá
58 kosti sem tryggt geta þverfaglega nálgun og samstarf ráðuneyta um greinarnar, þ.m.t. að
59 stofna sérstakt ráðuneyti rannsókna, nýsköpunar, menningar og skapandi greina. Í þeirri
60 vinnu þarf að huga að svæðisbundnum áherslum á menningarmál s.s. í sóknaráætlunum
61 landshlutanna og í alþjóðlegu menningarstarfi, auk þeirra þátta skapandi greina og
62 nýsköpunar, sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

1 Málefni hinsegin fólks

2 **Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur höfuðáherslu á jöfnuð í sinni stefnu og fagnar**
3 **fjölbreytileikanum. Á Íslandi eigum við öll að njóta fullra réttinda, óháð kynvitund,**
4 **kynhneigð, kyneinkennum eða kyntjáningu. Því eru málefni hinsegin fólks okkur afar**
5 **hugleikin sem og það að eiga virkt samtal við hinsegin samfélagið á Íslandi. Stór skref hafa**
6 **verið stigin í málaflokknum undir forystu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs með**
7 **áherslu á að bæta réttindastöðu hinsegin fólks. Ísland hefur alla burði til og á að vera í**
8 **fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að réttindastöðu hinsegin fólks. Við erum stolt af**
9 **hinsegin fólki, elju þess og krafti við að tryggja réttindi allra og viljum sem hreyfing taka**
10 **virkan þátt í þeirri baráttu. Markmið íslenskra stjórnvalda á að vera að koma Íslandi efst á**
11 **Regnbogakort ILGA-Europe.**

12 Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur á síðustu árum lagt ríka áherslu á að bæta
13 réttindastöðu hinsegin fólks. Lögð hefur verið áhersla á að tryggja atvinnuöryggi hinsegin
14 fólks með sérstakri lagasetningu. Trans fólk fær nú þjónustu án þess að þurfa að sæta
15 geðröskunargreiningu og lög um kynrænt sjálfræði hafa tekið gildi. Lögnum er ætlað að
16 standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi og rétt þeirra til þess að skilgreina
17 kyn sitt þannig að kynvitund hvers og eins njóti viðurkenningar. Breytingar á kynskráningu í
18 þjóðskrá eru nú heimilar ásamt hlutlausri skráningu kyns.

19 Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að stjórnvöld setji sér skýra stefnu í málefnum
20 hinsegin fólks og vinni á grundvelli hennar aðgerðaáætlun til innleiðingar þess sem upp á
21 vantar. Stefnumótunina verður að vinna í góðu samstarfi við hinsegin samfélagið á Íslandi
22 enda er málaflokkurinn fjölbreyttur og í mikilli mótun. Mikilvægt er að stjórnvöld geti
23 brugðist hratt og örugglega við til að tryggja réttindi hinsegin fólks.

24 Hverskyns hatursorðræða og hatursglæpir í garð hinsegin fólks eiga aldrei að líðast. Setja
25 þarf skýran lagaramma um hatursorðræðu og hatursglæpi gegn hinsegin fólki.
26 Viðbragðsaðilar þurfa að geta spornað gegn og brugðist við slíku á grundvelli skýrra laga og
27 viðbragðsáætlana.

28 Auka þarf vernd intersex fólks enn frekar, sérstaklega intersex barna. Á þeim skulu aldrei
29 gerðar ónauðsynlegar aðgerðir til þess eins að „lagfæra“ líkama þeirra.

30 Stjórnvöld eiga að leita allra leiða til að taka á móti fleiru hinsegin fólki á flóttu. Móta þarf
31 sérstaka stefnu um móttöku hinsegin fólks sem leitar að alþjóðlegri vernd.

32 Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að blóðgjafir karlmannna, sem stunda kynmök með
33 öðrum karlmönnum, verði heimilaðar og að allt blóð verði skimað, óháð kynhegðun þeirra
34 einstaklinga sem gefa blóðið.

35 Bæta þarf þjónustu við trans börn, foreldra þeirra og forsjáraðila.

36 Hagsmunasamtök hinsegin fólks á Íslandi gegna lykilhlutverki í réttindabaráttu hinsegin
37 samfélagsins. Innan þeirra vébanda eru sérfræðingar í málefnum hinsegin fólks og
38 nauðsynlegt er að leitað sé til þeirra við alla stefnumótun.

39 Tryggja þarf virkt samtal, þátttöku og aðkomu félagasamtaka eins og Samtakanna '78, Trans
40 Ísland og Intersex Ísland í opinberri stefnumótun um hinsegin mál og framkvæmd hennar,
41 t.d. með auknum stuðningi við rekstur og fræðslustarf.